



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga og  
landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 14. febrúar 2013

1210231SA KB/mkh  
Málalykill: 002

### Efni: XXVII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur ákveðið að XXVII. landsþing sambandsins verði haldið föstudaginn 15. mars 2013. Landsþingið verður að þessu sinni haldið á Grand hóteli í Reykjavík og hefst það kl. 9:30 og stendur fram eftir degi. Ársfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verður haldinn á sama stað að loknu landsþingi.

Umfjöllunarefnum landsþingsins verður skipt upp í þrjá meginþætti: a) *Hvað er í deigluinni?* Undir þeim lið mun fulltrúi frá sveitarfélagasambandinu í Danmörku (KL) greina frá því sem efst er á baugi hjá dönskum sveitarfélögum í dag og stjórnarmaður í sambandinu mun bregðast við og fara yfir stöðuna hér á landi. b) *Svæðasamvinna sveitarfélaga – þriðja stjórnsýslustigið?* Kynnt verður áfangaskýrsla nefndar um hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga og þróun í svæðasamvinnu sveitarfélaga og kallað eftir sjónarmiðum þingfulltrúa. c) *Lærdómur í lok kjörtímabils – leiðarljós á nýju kjörtímabili.* Hér verður velt upp ýmsum spurningum um þróun sveitarstjórnartígsins á kjörtímabilinu, reynslu af nýjum sveitarstjórnarlögum og þjónustu sambandsins.

Meðfylgjandi eru drög að dagskrá landsþingsins. Gert er ráð fyrir því að landsþingsfulltrúar skiptist á skoðunum um umfjöllunarefni landsþingsins í umræðum sem fram fara á hverju borði fyrir sig og niðurstöðurnar fari síðan til umfjöllunar hjá stjórn sambandsins í framhaldi af landsþinginu.

Samkvæmt samþykktum sambandsins kjósa sveitarstjórnir fulltrúa á landsþing að afloknum sveitarstjórnarkosningum og gildir sú kosning fyrir kjörtímabil sveitarstjórnar, en sveitarstjórnnum er heimilt að breyta kjöri fulltrúa á landsþing, en þá skal senda skrifstofu sambandsins nýtt kjörbréf, sbr. tölvubréf sem sent var sveitarfélögnum 14. janúar sl. Gefinn var frestur til 15. febrúar til þess að senda ný kjörbréf.

Landsþingsfulltrúar og áheyrnarfulltrúar á landsþingi, þ.e. bæjar- og sveitarstjórar og formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga, verða boðaðir til landsþingsins með sérstöku bréfi, en þess er óskað að bréf þetta verði kynnt landsþingsfulltrúum og áheyrnarfulltrúum sveitarfélaganna og landshlutasamtakanna.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Hafnarfjarðarbær
Innk: 15.2.2013
Málsnr: 1302219
Bréfal: 032.1

Hjálagt: Drög að dagskrá XXVII. landsþings sambandsins.



DRÖG

## XXVII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga



15. mars 2013 – Grand hóteli í Reykjavík

### – ÁFRAM VEGINN –

#### *Síðasta landsþing kjörtímabilsins*

08:45	Skráning.
09:30 – 09:55	Setningarræða formanns sambandsins – Halldór Halldórsson.
09:55 – 10:05	Kosning þingforseta, ritara og kjörbréfanefndar. Kosning varamanns í stjórn sambandsins í stað Guðmundar Rúnars Árnasonar í Suðvestur-kjörsvæði, sem hefur misst kjörgengi sitt.
10:05 – 10:30	Ávarp innanríkisráðherra – Ögmundur Jónasson.
10:30 – 12:00	<b><i>Hvað er í deiglunni?</i></b>  Fulltrúi KL í Danmörku greinir frá því sem efst er á baugi hjá dönskum sveitarfélögum – grunnskólinn, vinnutími kennara, hagræðing í rekstri sveitarfélaga og aukin nýting rafrænnar þjónustu. Stjórnarmaður fer yfir stöðuna hér á landi. <i>Umræður á borðum um efni erinda morgunsins.</i>  <b>Hádegisverður</b>
13:00 – 14:15	<b><i>Svæðasamvinna sveitarfélaga - Þriðja stjórnsýslustigið?</i></b>  Kynnt áfangaskýrsla um hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga og þróun í svæðasamvinnu sveitarfélaga og kallað eftir athugasemdum og ábendingum frá þingfulltrúum. <i>Umræður á borðum.</i>
14:15 – 15:30	<b><i>Lærdómur í lok kjörtímabils - leiðarljós á nýju kjörtímabili</i></b>  Hvernig hefur tekist til þegar rétt rúmlega eitt ár er eftir af kjörtímabilinu? Hvað hefur gerst á sveitarstjórnstiginu? Jákvæð þróun eða neikvæð? Hverju þarf að breyta? Hver er reynslan af nýjum sveitarstjórnarlögum – fjármálareglum o.fl.? Verkefnaflutningur milli stjórnsýslustiga. Efling sveitarstjórnarstigsins. Hvað hefur sambandið gert? Er eitthvað í starfsemi og þjónustu sambandsins sem má breyta? Hvernig á sambandið að sinna sveitarstjórnarmönnum? <i>Umræður á borðum.</i>
15:30 – 15:55	<b><i>Samantekt og almennar umræður</i></b>  Þingforsetar taka stöðuna á nokkrum borðum og fulltrúar biðja um orðið.
15:55	<b><i>Landsþingslit</i></b>  Varaformaður sambandsins slítur landsþinginu.
16:00	<b>Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.</b>
17:00	Móttaka í boði lánasjóðsins.

*Gerður er fyrirvari um hugsanlega breytingar á dagskrárdöggunum fram að landsþingi.*